

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Siglufjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. mars 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Siglufjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Siglufjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur Siglufjarðar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 7. maí 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

24. mars 1982.

Nr. 152.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. mars 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu.

Neðanskráð sveitarfélög, söfnuðir og félög í Austur-Barðastrandarsýslu stofna hér með

sjálfseignarstofnun,

sem heitir Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu,

Geiradalshreppur

Reykhólahreppur

Söfnuður Garpsdalssóknar

Söfnuður Reykhólasóknar

Búnaðarfélag Geiradalshrepps

Búnaðarfélag Reykhólahrepps

Kaupfélag Króksfjarðar

Kvenfélag Geiradalshrepps

Kvenfélagið Liljan, Reykhólahreppi

Ungmennafélagið Afturelding, Reykhólahreppi

Ungmennafélagið Unglingur, Geiradalshreppi

Verkalýðsfélagið Brandur, Austur-Barðastrandarsýslu.

Eignir stofnunarinnar er fé, er þegar hefur safnast til öldrunarmála í Austur-Barðastrandarsýslu, ennfremur framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum, svo og stofnframlög almennings, sbr. 9. gr. skipulagsskrár þessarar. Eignir stofnunarinnar eru nú í peningum samtals kr. 58 722,77, auk stofnfjárloforða.